



SPJALL VIÐ ÖNNU LIND OG HILDI, NÝRÁÐNA VERKEFNASTJÓRA HJÁ SSNE

Hildur verður með starfsstöð á Húsavík og Anna Lind í Ólafsfirði með reglulegri viðveru á Dalvík. Þær svöruðu nokkrum spurningum í samtali við starfsmann vegna fréttabréfsins. Við bjóðum þær hjartanlega velkomnar og gefum þeim orðið:



Hvað var það við starf verkefnastjóra hjá SSNE sem fékk þig til að sækja um?

Starfið veitir mér vettvang til að leggja mitt af mörkum til frekari uppbyggingar á svæðinu. Ég hef burðast lengi með fjölmargar hugmyndir, sem ég tel geta veitt öðrum hvatningu og hjálpa til við að varpa ljósi á möguleika Tröllaskaga.

Hverja telur þú vera helstu styrkleika landshlutans?

Náttúran er okkar stærsta auðlind. Á svæðinu er einnig framsæknið fólk með drifkraft sem er opið fyrir nýjum tækifærum.

Segðu frá þinni reynslu í stuttu máli.

Ég hef búið erlendis síðustu 10 ár. Þar hef ég m.a. unnið við ferðaþjónustu við að setja saman og markaðssetja ferðir til Íslands. Ég hef verið kennari á háskólastigi, og hef einnig starfað sem viðskiptafulltrúi hjá sendiráði Íslands í Osló. Reynslan úr sendiráðinu er dýrmætt veganesti fyrir þetta starf.

Hvað er draumasumarfríð?

Skíðaðfrí í Alpina er klárlega í 1.sæti fyrir vetrarfrí. Á sumrin er ég á heimavelli í útivist með fjölskyldunni, ég kann best við mig á norrænum slóðum í ósnortinni náttúru með tjaldlið á bakinu.

Áttu þér lífsmottó? Ef svo hvað er það?

Ég er ekki með einhverja grípandi línu, en ég segi oft að lífið sé best úti, og að það er best að njóta en ekki að þjóta!

Hvenær byrjarðu hjá SSNE og hvernig er best að vera í sambandi við þig?

Ég byrja 9. ágúst og það er klárlega best að mæta bara á skrifstofuna í Ólafsfirði og Dalvík í spjall!
(Eða bara að taka upp tólið). :)

Hvað var það við starf verkefnastjóra hjá SSNE sem fékk þig til að sækja um?

Starfslýsingin kallaði á mig þar sem hún sameinaði áhugasvið mitt, reynslu og menntun en það er tækifæri sem er hreinlega ekki hægt að láta fram hjá sér fara. Ég fylltist því eldmóði og ákvað að láta slag standa og sækja um. Svo var svo dásamlegt að starfsstöðin væri í nágrenni við fjölskyldur okkar mannsins míns.

Hverja telur þú vera helstu styrkleika landshlutans?

Mannauðurinn og náttúran sjálf, ekki spurning.

Segðu frá þinni reynslu í stuttu máli.

Ég er ævintýrakona sem hef sérstaklega gaman að því að láta hugmyndir verða að veruleika. Ég hef starfað sem og í frumkvöðlaumhverfinu og fyrirtækjarekstri, ferðast um landið sem tónlistarkona með þvottabala ömmu á bílpakinu, kennt börnum og fullorðnum, unnið við rannsóknir, námsefnisgerð, verkefnastjórnun og síðast en ekki síst, súkkulaðigerð.

Hvað er draumasumarfríð?

Góður kokteill af ljúfum hversdagsævintýrum með nesti, gönguferðum um hálendi Íslands, pottaferðum, reiðtúrum og dorgi, í bland við matarstjan og miðnætursóladans. Nú og auðvitað sterkur kaffibolli með sem flestum vinum og vandamönnum.

Hvenær byrjarðu hjá SSNE og hvernig er best að vera í sambandi við þig? Ég hef störf 1. september og vonast til að hitta sem flesta í eigin persónu. Mín starfsstöð verður á skrifstofu SSNE á Húsavík en það má bæði hringja í mig sem og senda tölvupóst.



Hægt er að fylgjast með þróun verkefnis á facebook síðu verkefnis, bizmentorsinternational.



urningunni um
hlutleysi muni
er hvað varðar
rða til að sýna
efðan stuðul á
taust.

The diagram illustrates a circular economy model with the following components and flows:

- Inputs and Initial Processing:**
 - Land** and **Fiber** (Fiber) are inputs to **Pre-treated Fiber** (Pre-treated Fiber).
 - Pre-treated Fiber** is processed into **Lignin-based Fiber** (Lignin-based Fiber).
 - Land** is also processed into **Pre-treated Fiber**.
- Material Flows:**
 - Lignin-based Fiber** is processed into **Plastic** (Plastic).
 - Plastic** is processed into **Grass-based Plastic** (Grass-based Plastic).
 - Grass-based Plastic** is processed into **Grass-based Plastic** (Grass-based Plastic).
 - Grass-based Plastic** is processed into **Grass-based Plastic** (Grass-based Plastic).
 - Grass-based Plastic** is processed into **Grass-based Plastic** (Grass-based Plastic).
- Energy Flows:**
 - Grass-based Plastic** is processed into **Grass-based Plastic** (Grass-based Plastic).
 - Grass-based Plastic** is processed into **Grass-based Plastic** (Grass-based Plastic).
 - Grass-based Plastic** is processed into **Grass-based Plastic** (Grass-based Plastic).
 - Grass-based Plastic** is processed into **Grass-based Plastic** (Grass-based Plastic).
 - Grass-based Plastic** is processed into **Grass-based Plastic** (Grass-based Plastic).
- Industrial Processes:**
 - Grass-based Plastic** is processed into **Grass-based Plastic** (Grass-based Plastic).
 - Grass-based Plastic** is processed into **Grass-based Plastic** (Grass-based Plastic).
 - Grass-based Plastic** is processed into **Grass-based Plastic** (Grass-based Plastic).
 - Grass-based Plastic** is processed into **Grass-based Plastic** (Grass-based Plastic).
 - Grass-based Plastic** is processed into **Grass-based Plastic** (Grass-based Plastic).
- Renewable Energy:**
 - Grass-based Plastic** is processed into **Grass-based Plastic** (Grass-based Plastic).
 - Grass-based Plastic** is processed into **Grass-based Plastic** (Grass-based Plastic).
 - Grass-based Plastic** is processed into **Grass-based Plastic** (Grass-based Plastic).
 - Grass-based Plastic** is processed into **Grass-based Plastic** (Grass-based Plastic).
 - Grass-based Plastic** is processed into **Grass-based Plastic** (Grass-based Plastic).
- Waste and Recycling:**
 - Grass-based Plastic** is processed into **Grass-based Plastic** (Grass-based Plastic).
 - Grass-based Plastic** is processed into **Grass-based Plastic** (Grass-based Plastic).
 - Grass-based Plastic** is processed into **Grass-based Plastic** (Grass-based Plastic).
 - Grass-based Plastic** is processed into **Grass-based Plastic** (Grass-based Plastic).
 - Grass-based Plastic** is processed into **Grass-based Plastic** (Grass-based Plastic).

● ● ● ● ● ● ● ● ● ● ● ● ● ●

I dag eru til ISO staðlar og fleiri aðilar sem taka á loftlagsmálum en ofangreint samstarf miðar að því að skoða samhæfðan stuðul á Norðurlöndum og þannig styðja enn frekar við framþróun á því svæði. SSNE mun taka þátt í könnuninni sem fram fer í haust.

Starfsfólk SSNE er farið í sumarfrí og verður skrifstofan lokað til 3. ágúst.

VIÐTAL VIÐ STYRKÞEGA UPPBYGGINGARSJÓÐS

Original North - Camp Boutique er lítið fjölskyldu fyrirtæki sem staðsett er á Vaði í Þingeyjarsveit. Hjónin Sigrún Vésteinsdóttir og Sigurður Birkir Sigurðsson eru eigendur fyrirtækisins en Sigrún er fædd og uppalin á jörðinni Vaði. SSNE tók viðtal við Sigrúnu á dögnum, en verkefnið fékk styrk úr Uppbyggingarsjóði árið 2019.

Tíðar heimsóknir erlendra gesta kveikjan á hugmyndinni

Það hafði lengi blundað sú hugmynd hjá okkur hjónum að búa til einhverskonar ferðapjónustu á staðnum. Ástæðan var sú að við höfðum í nokkur skipti fengið erlenda gesti í heimsókn og voru þeir yfirleitt alveg heillaðir af svæðinu. Þessi hugmynd tók því að próast og var ákveðið að við færum í samvinnu við Camp Boutique og myndum setja upp lúxustjaldgistingu á Norðurlandi líkt og er á Loftstöðum í Flóahreppi. Það að koma og gista í lúxustjaldi og fara í rafmagnshjólaferð er upplifun og skemmtileg leið til að upplifa íslenska náttúru á einstakan hátt, segir Sigrún Vésteinsdóttir, eigandi Original North.

Innblástur frá umhverfinu

Að sögn Sigrúnar hefur svæðið upp á ýmsilegt að bjóða svo sem fallega náttúru, friðsæld og fuglalíf og er þar auðvelt að slaka á og njóta. Staðsetningin er á margan hátt einstök en tjöldin er staðsett rétt við bakka Skjálfandaflljóts. Rétt sunnan við tjöldin er svo náttúruperlurnar Fossselsskógur og Ullarfoss. Eyjarnar Þingey og Skuldaþingsey voru sögufrægir þingstaðir til forna og því margt að skoða á svæðiui. Original North er inn í Demantshringnum og er því stutt í margar af helstu náttúruperlum svæðisins. „Við teljum að nú, sem aldrei fyrir, kunni fólk að meta náttúruna og þess sem hún hefur upp á að bjóða. Eins og að fólk sé farið að skynja í auknu mæli þörfina fyrir því að tengjast náttúrunni með einhverjum þætti“, segir Sigrún.

„Það er gaman að sjá viðbrögð fólks þegar við sýnum þeim tjöldin og staðsetninguna en fólk verður mjög oft undrandi yfir því að sjá hversu fallett er við fjótið og einnig hversu góður aðbúnaður er í tjöldunum, segir Sigrún. Þetta er ekki útilega heldur „glæsilega“ eða "glamping", segir Sigrún. Tjöldin eru sérstaklega hönnuð fyrir íslenskar aðstæður, vind- og vatnsheld. „Það má þó ekki gleyma því að gestir þurfa að taka tillit til veðurs og klæða sig eftir aðstæðum“.

Bjartsýn fyrir sumarið

"Síðastliðið sumar var annað sumarið okkar með tjöldin og vissum við því ekkert á hverjum við ættum von á. Það rættist þó heldur betur úr sumrinu 2020 þar sem Íslendingar tóku okkur afar vel og voru duglegir að bóka bæði tjaldgistingu og og hjólaferðir hjá okkur. Íslenskir ferðamenn voru til fyrirmyndar í alla staði og voru spenntir og ánægðir að prófa þennan óhefðbundna gistingualeika á bökkum Skjálfandaflljóts. Einnig kom þó nokkuð af erlendum gestum til okkar svo sumarið fór í raun langt framm úr vonum.

Við vonum að komandi sumar verði heldur betra en það síðasta og að með haustinu verðum við farin að sjá þó nokkra aukningu á erlendum ferðamönnum. Við erum því bara nokkuð bjartsýn fyrir sumrinu og hausti" segir Sigrún að lokum.



Hjónin Sigrún og Sigurður í einu tjaldanna. Fyrir neðan má sjá mynd af aðstöðunni sem er til fyrirmyndar.



Viðverutímar starfsmanna

Tröllaskagi - Nýr starfskraftur hefur störf í Ólafsfirði og á Dalvík í ágúst en í millitíðinni má beina fyrirspurnum í ssne@ssne.is og í síma 464 5400.

Akureyri - Elva og Rebekka eru þar mán-fim á milli klukkan 9:00 og 15:00 og fös til kl. 14:00. Eyþór er á Akureyri tvo daga í viku að jafnaði.

Húsavík - Silja og Ari Páll eru þar mán-fim milli klukkan 9:00 og 15:00 en til kl. 14.00 á föstudögum. Eyþór er á Húsavík tvo daga í viku að jafnaði.

Raufarhöfn - Nanna Steina er við mán-fim milli klukkan 9:00 og 15:00.

Bakkafjörður - Nýr starfskraftur hefur störf þar í ágúst en í millitíðinni má beina fyrirspurnum í ssne@ssne.is og í síma 464 5400.

Vinsamlegast nýtið ykkur síma eða tölvupóst til að skipuleggja fundi því þó svo viðvera sé tiltölulega föst þá er betra að tryggja að starfsfólk sé til staðar. Allar tenglaupplýsingar má finna [hér](#).